

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.

Inngangur

Forsætisráðherra leggur nú skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga fyrir Alþingi í annað sinn, en sú fyrsta var lögð fram í júní 2016.¹ Þar var fjallað um ýmis atriði varðandi framkvæmd laganna og málsmeðferð úrskurðarnefndar um upplýsingamál meðal annars lýst ítarlega. Að þessu sinni verður þess getið sem helst hefur gerst á sviðinu undanfarið ár, einkum hvað varðar meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál, birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda og innleiðingu tilskipunar 2013/37/ESB um endurnot opinberra upplýsinga.

Meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Innkomin erindi

Árið 2016 bárust 88 kærur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál á ákvörðunum um aðgang að upplýsingum samkvæmt upplýsingalögum. Úrskurðarnefndin hefur lokið meðferð 68 af þessum 88 kærumálum frá og með fundi nefndarinnar 26. apríl 2017. Kærumálin skiptust á mánuði eins og hér greinir:

Tafla 1: Kærur til úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2016

2016	
Mánuður	Kærur
Janúar	12
Febrúar	3
Mars	2
Apríl	5
Mái	16
Júní	7
Júlí	7
Ágúst	9
September	8
Október	4
Nóvember	10
Desember	5
Samtals:	88

Övenju fáar kærur bárust í febrúar, mars og apríl, samanborið við árin 2013–2015.² Á hinn bóginn bárust mun fleiri í maí og yfir sumarið en fyrri ár.

Mál voru flokkuð frekar eftir tegundum þeirra og aðilum sem telja má málshæfjendur, þegar um er að ræða kærumál:

¹ 145. löggjafarþing 2016–2017, þskj. 1503.

² Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga frá júní 2016, 145. löggjafarþing 2016–2017, þskj. 1503, bls. 11.

Tafla 2: Tegundir mála árið 2016

2016	
Tegund	Mál
Kæra	88
Fyrirspurn	8
Endurtuptaka	0
Frestun réttaráhrifa	1
Annað	11
Samtals:	108

Tafla 3: Kærendur árið 2016

Kæurur	
Aðili	Mál
Einstaklingur	65
Fyrirtæki	11
Samtök	6
Fjölmiðill	6
Stjórnvald	0
Samtals:	88

Fjöldi innkominna erinda árið 2016 var rétt undir meðaltali áráanna 2013–2015, sem var 113 erindi á ári. Sem fyrr stafar langstærstur hluti kærumála frá einstaklingum.

Tölfræði úrskurða

Á árinu voru kveðnir upp 62 úrskurðir á 12 fundum úrskurðarnefndarinnar. Aðeins einu sinni hefur nefndin kveðið upp fleiri úrskurði, eða 74 árið 2012. Fjöldi úrskurða er jafnframt vel yfir meðaltali áráanna 2013–2015, sem var um 45 úrskurðir á ári. Hins vegar hefur málsmeðferðartími mála sem lýkur með úrskurði ekki verið lengri, eða 391 dagur að meðaltali frá dagsetningu kæru og 227 dagar frá því að öll gögn lágu fyrir. Meðaltal áráanna 2013–2015 var um 227 dagar frá dagsetningu kæru. Það skal þó tekið fram að málsmeðferðartími mála sem lauk með öðrum hætti en úrskurði var mun skemmri.³

Líkt og fram kemur í síðustu skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga eru ástæður þessa langa málsmeðferðartíma fyrst og fremst aukinn fjöldi kærumála og aukið umfang einstakra mála fyrir nefndinni. Hins vegar er ástæða til þess að ætla að málsmeðferðartími nefndarinnar hafi náð hámarki á árinu 2016 eins og gerð verður grein fyrir síðar í skýrslunni.

Á næstu síðu er yfirlit um úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu 2016.

³ Sbr. t.d. umfjöllun í skýrslu forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga frá júní 2016, 145. löggjafarþing 2016–2017, þskj. 1503, bls. 13–14.

Tafla 4: Úrskurðir sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp árið 2016

Úrskurðir ÓNU árið 2016						
Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
605/2016	23.2.2015	15.1.2016	18.1.2016	329	3	Synjun staðfest
606/2016	13.10.2014	8.1.2016	18.1.2016	462	10	Aðgangur veittur
607/2016	30.10.2014	9.1.2015	18.1.2016	445	374	Frávisun
608/2016	20.10.2014	4.2.2015	18.1.2016	455	348	Frávisun
609/2016	14.12.2013	13.11.2015	18.1.2016	765	66	Synjun staðfest, frávisun
610/2016	25.9.2014	4.1.2016	18.1.2016	480	14	Aðgangur, synjun staðfest, fráv.
611/2016	2.12.2014	9.2.2015	7.3.2016	461	392	Frávisun
612/2016	28.12.2014	26.1.2015	7.3.2016	435	406	Frávisun
613/2016	29.12.2014	10.2.2015	7.3.2016	434	391	Aðgangur, frávisun, heimvísun
614/2016	19.1.2015	3.3.2015	7.3.2016	413	370	Frávisun
615/2016	17.2.2015	11.5.2015	7.3.2016	384	301	Frávisun
616/2016	23.3.2015	26.6.2015	4.5.2016	408	313	Aðgangur, synjun staðfest
617/2016	12.5.2015	25.6.2015	4.5.2016	358	314	Frávisun
618/2016	11.11.2014	9.1.2015	4.5.2016	540	481	Heimvísun
619/2016	30.1.2015	29.6.2015	4.5.2016	460	310	Frávisun
620/2016	18.11.2014	18.5.2015	7.6.2016	567	386	Aðgangur, frávisun
621/2016	3.3.2015	7.4.2015	7.6.2016	462	427	Synjun staðfest, frávisun
622/2016	24.6.2015	27.8.2015	7.6.2016	349	285	Aðgangur
623/2016	2.4.2015	31.5.2016	7.6.2016	432	7	Frávisun
624/2016	10.7.2015	21.8.2015	7.6.2016	333	291	Frávisun
625/2016	13.10.2015	27.12.2015	7.6.2016	238	163	Frávisun
626/2016	20.10.2015	10.12.2015	7.6.2016	231	180	Aðgangur veittur
627/2016	20.5.2016	20.5.2016	7.6.2016	18	18	Frávisun
628/2016	20.6.2016	22.6.2016	6.7.2016	16	14	Frestun réttaráhrifa hafnað
629/2016	17.6.2014	23.6.2016	29.7.2016	773	36	Frávisun
630/2016	19.1.2015	27.6.2016	29.7.2016	557	32	Aðgangur, synjun staðfest
631/2016	27.4.2015	1.6.2015	29.7.2016	459	424	Synjun staðfest
632/2016	10.6.2015	22.7.2015	29.7.2016	415	373	Aðgangur veittur
633/2016	14.7.2015	29.6.2016	29.7.2016	381	30	Aðgangur veittur
634/2016	7.11.2014	30.1.2015	12.8.2016	644	560	Frávisun
635/2016	27.4.2015	26.6.2016	12.8.2016	473	47	Aðgangur veittur
636/2016	30.4.2015	2.6.2015	12.8.2016	470	437	Frávisun
637/2016	21.5.2015	4.7.2016	12.8.2016	449	39	Frávisun
638/2016	25.6.2015	4.9.2015	12.8.2016	414	343	Aðgangur, synjun staðfest
639/2016	4.8.2015	15.9.2015	12.8.2016	374	332	Synjun staðfest
640/2016	21.9.2015	23.10.2015	12.8.2016	326	294	Synjun staðfest, frávisun
641/2016	23.11.2015	6.1.2016	29.8.2016	280	236	Aðgangur veittur
642/2016	13.4.2016	27.6.2016	29.8.2016	138	63	Synjun staðfest
643/2016	10.8.2016	10.8.2016	29.8.2016	19	19	Frávisun
644/2016	5.11.2014	28.12.2014	20.9.2016	685	632	Aðgangur, synjun staðfest
645/2016	19.11.2015	15.1.2016	20.9.2016	306	249	Frávisun, heimvísun
646/2016	22.10.2015	8.12.2015	20.9.2016	334	287	Aðgangur veittur
647/2016	22.10.2015	8.12.2015	20.9.2016	334	287	Aðgangur, synjun staðfest
648/2016	30.10.2015	23.8.2016	20.9.2016	326	28	Aðgangur veittur
649/2016	7.12.2015	1.2.2016	20.9.2016	288	232	Aðgangur veittur
650/2016	19.1.2016	18.3.2016	20.9.2016	245	186	Frávisun
651/2016	27.1.2016	5.9.2016	20.9.2016	237	15	Aðgangur, synjun staðfest
652/2016	2.3.2014	29.10.2016	31.10.2016	974	2	Synjun staðfest
653/2016	5.11.2014	18.2.2015	31.10.2016	726	621	Synjun staðfest
654/2016	25.1.2016	11.3.2016	31.10.2016	280	234	Aðgangur veittur
655/2016	15.9.2015	24.6.2016	31.10.2016	412	129	Aðgangur veittur
656/2016	19.11.2015	13.1.2016	31.10.2016	347	292	Aðgangur, synjun staðfest
657/2016	20.1.2016	27.1.2016	31.10.2016	285	278	Frávisun
658/2016	30.3.2016	6.6.2016	31.10.2016	215	147	Synjun staðfest
659/2016	3.6.2015	1.9.2016	30.11.2016	546	90	Frávisun
660/2016	22.4.2016	27.5.2016	30.11.2016	222	187	Heimvísun
661/2016	4.8.2016	25.10.2016	30.11.2016	118	36	Aðgangur veittur
662/2016	17.12.2015	12.9.2016	30.11.2016	349	79	Aðgangur, synjun staðfest
663/2016	11.8.2015	30.9.2015	30.12.2016	507	457	Synjun staðfest, heimvísun
664/2016	18.1.2016	25.8.2016	30.12.2016	347	127	Aðgangur, synjun staðfest
665/2016	29.12.2015	4.3.2016	30.12.2016	367	301	Synjun staðfest, frávisun
666/2016	3.8.2016	26.10.2016	30.12.2016	149	65	Aðgangur veittur

Meðaltal

391

227

Framtíðarhorfur

Í síðustu skýrslu var sagt frá því að úrskurðarnefndin hygðist grípa til aðgerða til að stytta málsmeðferðartíma sinn, þ.e. bjóða laganemum starfsnám hjá nefndinni og ráða sumarstarfsmann sumarið 2016. Á grundvelli samstarfssamnings við Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, hafa fjórir laganemar sótt starfsnám hjá nefndinni í þrjá mánuði hver. Laganemunum hefur fyrst og fremst verið falið að aðstoða ritara nefndarinnar við ritun úrskurðardragna og hefur samstarfið almennt gefist vel. Þá var laganemi ráðinn til starfa fyrir nefndina frá 19. maí til 31. ágúst 2016.

Eins og áður er rakið birtist afrakstur þessara aðgerða fyrst og fremst í auknum fjölda úrskurða. Þá er ástæða til að ætla að málsmeðferðartími nefndarinnar hafi náð hámarki á árinu 2016. Eftirfarandi tafla sýnir þróun stöðu málaskrár nefndarinnar á þremur mismunandi tímupunktum, 31. desember 2015, 31. október 2016 og 31. janúar 2017:

Tafla 5: Yfirlit yfir mál sem biðu afgreiðslu úrskurðarnefndar um upplýsingamál

	31. desember 2015	31. október 2016	31. janúar 2017
Mál sem biða afgreiðslu	61	29	32
Dagar frá kærui, meðaltal	218	151	112

Eins og sést í töflunni fækkaði málum sem biða afgreiðslu nefndarinnar verulega frá 31. desember 2015 til 31. janúar 2017. Þá var hvert mál rúmlega 100 dögum yngra í lok tímabilsins en í upphafi þess. Því er ástæða til að ætla að málsmeðferðartími nefndarinnar í málum sem lýkur með úrskurði muni styttest verulega á næstu mánuðum. Þess má geta að meðalmálsmeðferðartími mála sem nefndin hefur lokið með úrskurði það sem af er árinu 2017 er 207 dagar frá dagsetningu kærui.

Birting upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda

Reglugerð á grundvelli 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga

Forsætisráðuneytið hefur unnið drög að reglugerð á grundvelli 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga. Meginefni reglugerðarinnar er að útfæra ákvæði upplýsingalaga, sem taka til réttar almennings til aðgangs að upplýsingum samkvæmt sérstakri beiðni, þannig að þau eigi jafnframt við þegar stjórnvöld taka ákvörðun um að gera gögn aðgengileg að eigin frumkvæði.

Hvað varðar áfanga og tímabresti sem stjórnvöldum eru gefnir til að uppfylla tiltekin markmið um frumkvæðisbirtingu upplýsinga er fyrirhugað að fela ráðuneytum í Stjórnarráði Íslands forgönguhlutverk. Drögin gera þannig ráð fyrir því að hvert ráðuneyti geri tímasetta áætlun um birtingu upplýsinga að frumkvæði þess og stofnana sem undir þau heyrja. Ráðuneytin birti áætlunina opinberlega á vef sínum.

Gert er ráð fyrir því að reglugerðin verði sett á næstu vikum.

Verkefnið opinir reikningar ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur undanfarið haft forgöngu um birtingu reikninga ríkisins. Til stendur að birta reikninga sem stjórnvöld greiða í starfsemi sinni ásamt fylgiskjölum þeirra á sérstökum vef, <http://www.opnirreikningar.is>. Í upphafi verða birtir reikningar ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands en í kjölfarið verður tekið til skoðunar að birta reikninga annarra stofnana. Forsætisráðuneytinu er ekki kunnugt um að önnur ríki birti svo nákvæmar upplýsingar um opinberar greiðslur og því stendur yfir vinna til að tryggja að birtingin samræmist lagaákvæðum um vernd persónuupplýsinga og þagnarskyldu.

Endurnot opinberra upplýsinga

Tilskipun 2013/37/ESB

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera var tekin upp í EES-samninginn á fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 17. mars 2017. Tilskipunin birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, bls. 628.

Vinnsla frumvarps sem ætlað er að innleiða ákvæði hennar er hafin í forsætisráðuneytinu og gert er ráð fyrir því að það verði lagt fram á haustþingi.